

**Nr. 20-116 S 081 Sólberg ÓF 1****Skipverji slasast á höfði**

Skipaskr.nr. 2917  
 IMO: 9774642  
 Smíðaður: Tyrkland, 2017, stál.  
 Útgerð: Rammi hf.  
 Stærð: 3719,5 bt.  
 Mesta lengd: 79,85 m Skráð lengd: 70,92 m  
 Breidd: 15,41 m Dýpt: 9,10 m  
 Vél: Wartsila, 4640 kW 2016  
 Fjöldi skipverja: 35



Sólberg © Brimbarinn

**Gögn:**

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 17. maí 2021 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

**Atvikalýsing:**

Þann 3. nóvember 2020 var frystitogarinn Sólberg ÓF 1 á togveiðum á Austfjarðamiðum (Fætinum). Veður: NV 12-14 m/s.

Skipverjar voru að skipta úr tveimur trollum yfir í eitt. Þegar þeir voru að hífa bobbingjalengjuna aftur með bakborðs úthalaraspilinu brotnaði lás í útdráttarkeðjunni og lenti í andliti eins skipverjans. Siglt var með slasaða til Neskaupsstaðar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að slasaði stóð út við stjórnborðssíðuna við stjórnþækin fyrir úthalaraspilið;
- að lásinn sem brotnaði var 23 mm patentlås og var í endanum á útdráttarkeðjunni. Brotþol lássins, samkvæmt uppýsingum frá söluaðila, var 84 tonn;
- að fram kom að þar sem lásinn var áfastur bobbingjalengjunni og dróst eftir botninum væri þörf á að skipta honum oftar út;
- að leitað var að lásnum eftir slysið en hann fannst ekki;
- að eftir slysið var úthalaraspilinu stjórnað úr brúnni;
- að lásinn lenti í efri vörina á slasaða og var hún saumuð saman;
- að slasaði var með lokaðan öryggishjálme með talstöðvarsambandi.



Patentlås

**Nefndarálit:**

Orsök slyssins er líklega sú að lásinn var orðinn lélegur. Nefndin tekur undir það að skipta eigi út lásnum á útdráttarkeðjunni reglulega.